



4. fundar stjórnar SSA 12. janúar 2016.

Fundurinn hófst kl. 12.30 í húsakynnum Austurbrúar Fróðleiksmolanum, Búðareyri 1, Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Jón Björn Hákonarson, Andrés Skúlason, Margrét Guðjónsdóttir og Eydís Ásbjörnsdóttir.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

1. Fundargerðir frá 3. stjórnarfundum SSA og 2. fundi samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis.
2. Fundargerð frá Eyþingi, Stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál og Sambandi íslenskra sveitarfélaga lagðar fram til kynningar.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur lögð fram til kynningar.
 - a) Fundargerð frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.
 - b) Ályktanir frá NAUST.
 - c) Bókun frá Seyðisfirði.
 - d) Verkátlanir frá Austurbrú.
 - e) Hagvöxtur landshluta – Skýrsla Byggðastofnun.
 - f) Endurmat yfirfærsla á málefnum fatlaðra. Verkefnisstjóra falið að kanna hver staðan er á úthlutun úr Jöfnunarsjóði vegna þessa endurmats.

2. Staða framhaldsskóla á Austurlandi

Gestir fundarsins: Elvar Jónsson, skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands (VA), Helgi Ómar Bragason, skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum (ME) auk formanns skólanefndar ME, Skúla Björns Gunnarssonar. Jón Björn Hákonarson, formaður skólanefndar VA situr í stjórn SSA. Gestir fóru yfir stöðu og horfur í sínum skólum. Ljóst er að blikur eru á lofti í rekstri skólanna og mun stjórn SSA taka málefnið upp á fundi með þingmönnum kjördæmisins í febrúar.

3. Samningur um sóknaráætlun

1. Skipting fjármagns. Verkefnisstjóra falið að uppfæra tölur miðað við skiptingu viðbótarfjármagns til samningsins. Tillaga um skiptingu og áhersluverkefni samþykkt eins og hún liggur fyrir en framkvæmdaráði falið að kynna val áhersluverkefna fyrir sveitarstjórum og öðrum er þurfa þykir.
2. Breyting á úthlutunarreglum. Verkefnisstjóra falið að óska eftir tillögum að breytingum á úthlutunarreglum ef þurfa þykir frá verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs.



3. Fagráð og úthlutunarnefnd – reynsla. Fyrir dyrum stendur að skipa þurfi ný fagráð og úthlutunarnefnd, stefnt er að því verði lokið fyrir vorið. Verkefnisstjóra falið að kanna hug þeirra sem setið hafa í ráðum og úthlutunarnefnd til áframhaldandi setu og boða Signýju Ormarsdóttur, verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs á næsta fund stjórnar til að ræða reynsluna af fyrstu tveimur úthlutunum.
4. Dagsetning fyrir íbúafund um sóknaráætlun. Verkefnastjóri lagði til þriðjudaginn 15. mars kl. 17.00 á Egilsstöðum og samþykkti stjórn þá tillögu.

4. Fjárlög 2016

1. Fundur stjórna SSA og Eyþings með þingmönnum kjördæmis. Stefnt er að fundi í Mývatnssveit 9. febrúar nk., beðið er samþykkis frá þingmannaflokki. Framkvæmdaráði falið að setja niður minnisblað með umræðupunktum.

5. Málefni SSA

1. Almenningssamgöngur. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála greindi frá fundi formanns stjórnar SSA, verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála með bæjarstjóra Fjarðabyggðar og verkefnisstjóra almenningsgangs.
2. 50 ára afmæli SSA – tillögur fyrir merki. Verkefnisstjóra falið að vinna málið áfram með hönnuði.

6. Önnur mál.

1. Skipan í hreindýraráð. Stjórn SSA samþykkir að tilnefna Sigrúnu Blöndal, Fljótisdalshéraði sem aðalman og til vara Gauta Jóhannesson, Djúpavogshreppi.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 16. febrúar kl. 12.40 á Reyðarfirði.

Fundi slitið kl. 15.35.

Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Margrét Guðjónsdóttir

Eydís Ásbjörnsdóttir

Andrés Skúlason

Stefán Grímur Rafnsson

Hákon Hansson